

**Sp.**

## **1000. Lög**

um Matsveina- og veitingaþjónaskóla.

(Afgreidd frá Sp. 23. maí.)

### **1. gr.**

Stofna skal og halda í Reykjavík skóla, er nefnist Matsveina- og veitingaþjónaskóli. Aðsetur skólans er í sjómannaskólahúsinu. Skólinn skal veita hagnýta fræðslu þeim, sem gerast vilja matsveinar eða veitingaþjónar á skipum eða í gisti- og veitingahúsum.

### **2. gr.**

Inntökuskilyrði eru:

1. að nemandi sé 16 ára eða eldri;
2. að hann sé ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða kvilla, sem geti orðið öðrum nemendum skaðvænn eða hættulegur;
3. að hann hafi óflekkað mannorð;
4. að hann hafi lokið miðskólaprófi samkvæmt lögum nr. 22 10. apríl 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu.

### **3. gr.**

Kennsla skal vera bæði bókleg og verkleg. Námsgreinar skulu ákveðnar í reglugerð.

### **4. gr.**

Kennslu skal haga þannig, að eftir eins vetrar nám hafi nemendur náð nægilegri leikni og þekkingu til að verða matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum, enda verði þeim, sem þetta nám stunda, ekki kenndar bóklegar námsgreinar, nema að því leyti sem nauðsynlegt er í sambandi við verklega námið. Námsstími fyrir fullgilda matsveina og veitingaþjóna skal vera þrjú ár. En heimilt er nemendum að verja nokkrum hluta námstímans í nám hjá meisturum í iðninni í veitingahúsi eða á farþegaskipi, og skal kveða nánar á um það í reglugerð. Heimilt er og að halda við skólann námskeið, mismunandi löng, eftir þörfum fyrir annað starfsfólk skipa, veitingahúsa og gistihúsa, og má þá setja um þau nánari ákvæði í reglugerð.

Við alla kennslu skal leggja sérstaka áherzlu á reglusemi, þrífalega og hátt-prúða umgengni og snyrtimennsku.

### **5. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja mótuneyti og matsölu í sambandi við skólann.

### **6. gr.**

Ráðherra skipar skólastjóra og aðra kennara, og skal skólastjóri jafnframt vera bryti skólans. Ráðherra skipar einnig þriggja manna skólanefnd, skólastjóra til aðstoðar. Skal hún skipuð til 4 ára í senn.

Með reglugerð skulu sett nánari ákvæði um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni og kennaralið.

### **7. gr.**

Fyrstu fimm árin eftir að skólinn tekur til starfa, er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá því inntökuskilyrði, er felst í 4. lið 3. gr. þessara laga.

### **8. gr.**

Allur kostnaður við skólalald, mótuneyti og matsölu greiðist úr ríkissjóði.

### **9. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.